



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJUR TIL FORSETA RÚSSLANDS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í morgun, þriðjudaginn 25. janúar, sent Dmitry Medvedev, forseta Rússlands, samúðarkveðjur sínar og íslensku þjóðarinnar vegna hinna hræðilegu hryðjuverka á Domodedovo flugvelli í Moskvu. Hugur okkar sé hjá fjölskyldum hinna látnu og með hinum særðu og ástvinum þeirra. Baráttan gegn hryðjuverkum sé meðal brýnustu verkefna okkar tíma og samstaða allra þjóða afar áriðandi eigi árangur að nást.

25. janúar 2011

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).